



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

13. árgangur 3.tbl.

Mars 2016

Umhverfisdagur

**Verður haldinn í Árnesi
9. apríl 2016.**

Dagskráin verður fjölbreytt.

- Atriði frá börnum í Þjórsárskóla.
- Atriði frá börnum í leikskólanum Leikholti.

- Fyrirlestur um minni matarsóun:

Dóra Svavarsdóttir.

- Erindi frá Landvernd:

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

- Fuglalíf við Þjórsá:

Tómas Grétar Tómasson fuglafræðingur.

- Landbótafélag Gnúpverja verður með kynningu á starfi sínu.

- Bætt flokkun á hráefni. Hvað er til ráða?

- Kaffihlé

- Umræðuhópar.

- Kompusala í umsjón

Kvenfélags Gnúpverja.

Umhverfisnefnd.



Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - starfsmaður

Ari Einarsson 893-4426 ari@skeidgnup.is

Jón F. Sigurdsson - umsjónarmaður gámasvæða s. 893-7016

Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf er 5. apríl 2016.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir kidda@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps Bókahúsínu, Brautarholti.



Alltaf gaman, alla fimmtudaga kl. 20:00 - 22:00!

Margar góðar bækur að lesa S: 486-5505

Netfang bokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>



Heilsugæslunni í Laugarási 432-2770

Opið virka daga kl. 8:30 -16:30.

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000

Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700


Breyttur opnunartími í Lyfju– útibúi Laugarási !

Lyfju– útibú í Laugarási S. 486-8655

Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema föstudaga, þá opið 10-13.

Opnunartími gámasvæða

Gámasvæðið við Árnes stendur við E- götu vestan Suðurbrautar í Árnesi.



Opið þar:

þriðjudaga

kl. 14:00 - 16:00

laugardaga

kl. 10:00 - 12:00

Brautarholt:

miðvikudaga

kl. 14:00 - 16:00

laugardaga

kl.13:00 - 15:00

Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** eru tveir og eru staðsettir á gámasvæðinu í Brautarholti og hjá Áhaldahúsinu við Árnes.

Jón F. Sigurdsson í Réttarholti hefur umsjón með gámasvæðunum gsm. **893-7016** eða **462-5301**.

Skaftholt tekur áfram við garðaúrgangi og afklippum trjáa
Og eins og áður er að hægt að losa þar að degi til, garðaúrgang og afklippum trjáa á ákveðnu svæði þar alla daga vikunnar. (Til vinstri á heimreið framan vert við gróðurhús.)

Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.

Sveitarstjóri.

Hjónaball



Já, nú er gaman.....því það stefnir í þrusu veislu.

Árlegt **HJÓNABALL** Ungmennafélags Skeiðamanna verður haldið í
Brautarholti 19. mars 2016.

Húsið opnar kl. 20:00 og borðhald hefst kl. 20:30.

Miðaverð er kr. 7.500 –

**Forsala miða verður í Skeiðalaug mánudaginn
14. mars kl. 20:00-22:00.**

Athugið að ekki verður tekið við greiðslukortum.

Miðasala verður einnig með rafrænum hætti til 16. mars og greiðsla miða fer þá
fram í gegnum netbanka. Reikningsnúmerið er 586-26-2767,
kennitala 471077-0709.

Tilkynning um greiðslu sendist á netfangið hjonaballid2016@gmail.com

Bjarni Birgisson sér um matinn, glens og grín í boði **nefndarinnar** og hljóm-
sveitin **Karma** leikur fyrir dansi.

Selt verður inn á ballið eftir kl. 23:00.

Ballmiðinn kostar kr. 3.000 – (ekki tekið við greiðslukortum).

Nánari upplýsingar veita Sveinn í síma 861-1946
og Ásmundur í síma 895-8436.



Láttu þig ekki vanta



Þjórsárskóli
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

**Árshátíð Þjórsárskóla
haldin 11. mars í Árnesi kl. 20:00
ALLIR VELKOMNIR.**

Gaman — gaman



Munið, skákæfingarnar á mánudagskvöldum í Þjórsárskóla!



Á mánudagskvöldum kl. 19:30 í Þjórsárskóla
býður UMF Gnúpverja börnum og fullorðnum
að hittast, og æfa sig í að tefla skák!

Allir eru hjartanlega velkomnir.

Töfl og klukkur á staðnum!

Stjórn Umf. Gnúpverja

Aðalfundur Kvenfélags Gnúpverja

verður haldinn í Þjórsárskóla 29. mars kl. 20.00

Venjuleg aðalfundarstörf,

ritari gefur ekki kost á sér.

Nýjar konur ávallt velkomnar í

félagið. Stjórnin.



Aðalfundur Landbótafélags Gnúpverja

haldinn í sal Þjórsárskóla þriðjudaginn

22.mars kl. 20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Fulltrúi Landgræðslunnar kemur á fundinn og fræðir okkur.

Hvetjum alla sem áhuga hafa á landbótum

að mætta á fundinn.

Stjórnin.



Leikholtsfréttir

Frá leikskólanum Leikholti er allt gott að fréttu.







Starfið í leikskólanum gengur sinn vanagang með ýmsum skemmtilegum tilraunum, málörvun og öðru skemmtilegu hópastarfi.

ART fréttir: Haukur og Matthildur hafa lokið 12 vikna ART

námskeiði og skilað ART myndbandi og skýrslu og eru því komin með réttindin sem ART þjálfarar. Sirrý og Helga hafa einnig lokið 12 vikna námskeiði og eru búin að skila af sér myndbandi og skýrslu og bíða núna eftir réttindunum.

Elín Anna og Alla er nýbyrjaðar á sínu 12 vikna námskeiði og stefna á að ljúka því í byrjun júní. Þegar því er lokið eru komnir 6 ART þjálfarar í húsið og munum við því sækja um að vera ART vottaður leikskóli eins og Þjórskóli er ART vottaður grunnskóli.









Til að rifja upp þá fara 4-6 ára börnin í leikskólanum á 12 vikna ART námskeið þar sem þau fara í ART tíma 3x í viku og þar er lagt fyrir ýmis færni í félagsfærni, reiðistjórnun og siðferði. Eftir 12 vikna tímabilið fara hóparnir í ART tíma einu sinni í viku til að rifja upp og halda uppi færninni.



Það er gaman að segja frá því að þann 10. febrúar var haldinn Öskudagur hér í leikholti og einnig höldum við upp á dag leikskólans þann sama dag, skelltum því saman tveimur dögum þar sem dagur leikskólans er alltaf 6. febrúar ár hvert. Þessi uppakoma heppnaðist mjög vel og þökkum við öllum sem létu sjá sig kærlega fyrir komuna.

Allir mættu kampakátir í búningum af sjálfsögðu. Kötturinn var sleginn úr tunnunni, dansað við skemmtilega tónlist, farið í leiki, fullorðnir með, skoðuð listaverk og skemmtilegar skráningar upp á veggjum í salnum og síðan fengu allir ávexti og flatkökur og einnig var til sýnis myndband með brot úr lífi leikskólabarna í Leikholti. Þetta var góður dagur og við þökkum kærlega fyrir okkur. Við viljum hvetja alla að mæta á Umhverfisdaginn í Árnesi sem verður 9. apríl kl. 12:30, þar verða veggspjöld frá leikskólabörnunum og myndband til sýnis ásamt fleiru skemmtilegu til að skoða og það kemur auglýsing frá umhverfisnefnd hreppsins.

Kærar kveðjur úr Leikholti.



21 árs Svisslendingur leitar að vinnu í sveit, í sumar.

Vanur sveitastörfum og bifreiðaviðgerðum
Hörkuduglegur og góður í samskiptum. Með meðmæli.
Frá byrjun júní til ágústloka 2016. Talar góða ensku.
Beint samband: Silvan Knöri gunners.yb@hotmail.com
eða í síma: 0041 79 788 62 69

Fleiri uppl. hjá Meike, Glóruhlíð 663-8011


Aðalfundur Kvenfélags Skeiðahrepps 2016

verður haldinn í bókasafninu í Brautarholti laugardaginn

9. apríl kl. 11:00

Venjuleg aðalfundarstörf

*fundargerð síðasta fundar
farið yfir reikninga félagsins
skýrsla stjórnar
inntaka nýrra félaga
kosningar*



Önnur mál

Elínborg Sigurðardóttir, formaður Sambands sunnlenskra kvenna, mun koma á fundinn og fræða okkur um SSK.

Upplýsingar um væntanlega utanlandsferð ☺ o.fl.

Veitingar í boði kvenfélagsins í umsjón fráfarandi framkvæmdarnefndar.

Gaman væri að kvenfélagskonur kæmu með og sýndu eitthvað af þeim fallegu og fjölbreyttu munum sem hafa verið í vinnslu á þrjónakvöldum í vetur.

Allar konur hjartanlega velkomnar

Stjórnin



Saga Ragnheiðar og Daða í tali og tónum í Skálholti 15. - 16. apríl n.k.

Skálholtsskóli og Fræðslunet Suðurlands standa að námskeiði um hina dramatísku sögu Ragnheiðar Brynjólfsdóttur og Daða Halldórs-sonar og svið sögunnar í Skálholti og nærsveitum. Þá verður fluttur skáldskapur, sögur, ljóð og tónlist sem er innblásin af þessar harm-rænu ástarsögu.

Bjarni Harðarson f.v. alþingismaður fjallar um bókmenntir sem hafa spunnist út af sögu Ragnheiðar og Daða, Skúli Sæland sagn-fræðingur í Laugarási fjallar um sögulegan bakgrunn þessara atburða og Gunnar Þórðarson tónskáld segir frá tilurð óperunnar Ragnheiðar og tekur tóndæmi.

Umsjón með námskeiðinu hefur Halldór Reynisson starfandi rektor Skálholtsskóla.

Skráning og nánari upplýsingar eru hjá Fræðsluneti Suðurlands.

Iðnaðarhúsnæði til leigu á Flúðum

Til leigu á Flúðum er ca 180 fermetra iðnaðarhúsnæði auk 30 rúmmetra kæligeymslu og 30 rúmmetra frystigeymslu.

Nánari upplýsingar gefur Pálmar í síma 892-2370 eða á fludaleid@simnet.is

Hundafangari sveitarfélagsins:

Ragnar Sigurjónsson sími: 859-9559.



Sárabót –fyrir alla– í nýjum umbúðum!

Nú er sárabót komin í nýjar umbúðir. Ný lína fyrir menn og önnur fyrir skepnur. Einnig komin á markað leðurfeiti úr minkafitu, góð fyrir hnakka og skó.

Höfum þessa góðu vöru alltaf til sölu.

Katrín og Stefán, Ásaskóla.

S: 4866047- 898-6047-865-8776.






Þjórsárskóli
Skeiða- og Gnúpvörðahreppi

Öskudagur

Á öskudaginn mættu nemendur og starfsfólk klætt skrautlegum búningum í skólann. Kl. 10 byrjaði síðan ball í

Árnesi undir stjórn Jóns Bjarnasonar. Það var mikið fjör og allir tóku þátt í skemmtilegum leikjum og dansi. Þá var kötturinn sleginn úr tunnunni, en nemendur höfðu sjálfir tekið þátt í að útbúa og skreyta tunnurnar.

Foreldrafélagið sá síðan til þess að allir fengu sælgæti og ávaxtasafa. Þetta var litríkur og skemmtilegur dagur sem allir tóku þátt í.





Bangsadagur

Í haust gerðu nemendur í skólaráði könnun meðal allra nemenda skólans hvernig öðruvísi dag þeir vildu hafa í skólanum. Sá dagur sem var vinsælastur var bangsadagur og því var ákveðið að hafa hann í febrúar. Nemendur máttu líka mæta í náttfötum ef þeir vildu. Skemmtilegt að hafa svona uppbot. ☺ Bestu kveðjur, Hafdís kennari, Lára og Brándur nemendur í skólaráði.



Upplestrarkeppnin

Stóra upplestrarkeppnin fór fram í Flóaskóla þann 3 mars. Keppendur okkar úr 7. bekk voru þau Iðunn Ósk Jónsdóttir og Kristín Huld Stefánsdóttir.

Varamaður var Auðunn Magni Björgvinsson. Keppendur okkar stóðu sig mjög vel og voru skólanum til sóma.



Stóra Upplestrarkeppnin er árlegur viðburður sem 7. bekkur tekur þátt í. Keppendur eru valdir í undankeppni í skólunum sínum og keppa svo á lokahátíðinni. Flúðaskóli og Bláskógar-skóli voru í 1., 2. og 3. sæti.

Kær kveðja úr Þjórsárskóla.

UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR 2016

í Reiðhöllinni á Flúðum

SMÁRI



6. mars Þrígangur - barnaflokkur
13:00 Fjórgangur - unglingaflokkur

16. apríl Fjórgangur, tölt - barnaflokkur
10:15 Fimmgangur, tölt - unglingaflokkur

7. maí Smali - barnaflokkur
10:00 Smali, skeið - unglingaflokkur



Frítt inn – Allir velkomnir

Styrktaraðilum Uppsveitadeildar Æskunnar er þakkaður stuðningurinn



Álftröð á Skeiðum
Gistihús og nátthagi fyrir hesta



FRÍÐHEIMAR

Gardyrkjústiðin
Melar

Hænsnahöllin á Húsatóftum

Hrossaræktarbúið Hlemmiskeiði 3

Hrossaræktin Vorsabæ 2



Uppsveitadeild Loga, Smára og Trausta



Uppsveitadeildin 2016 er komin á fullt skrið. Fjörgangskeppnin fór fram þann 19. febrúar fyrir fullu húsi áhorfenda sem skemmtu sér hið besta. Keppnin var spennandi og jöfn. Eftir forkeppni lá ljóst fyrir að 5 keppendur fóru beint í A úrslit. Fjórir öttu því kappi í B úrslitum um rétt til þess að færast upp í A úrslitin. Tveir urðu jafnir og efstir og því var ljóst að í úrslitum riðu 7 keppendur.

Úrslit keppninnar má finna á vefsvæði Reiðhallarinnar Flúðum, www.reidhollin.is, sem á facebook síðu hennar www.facebook.com/reidhollinfludum.

Uppsveitadeildin 2016 heldur áfram.

Næsta keppni er fimmgangur sem verður haldin **föstudaginn 18. mars**. Kynning keppenda og liða hefst kl. 19:45 og forkeppnin hefst stundvíslega kl. 20:00.

Staða efstu knapa er þessi:

Þórarinn Ragnarsson.	24
Matthías Leó Matthíasson.	23
Sólon Morthens.	22
Guðmann Unnsteinsson.	21
Arnar Bjarki Sigurðarson.	20
Guðjón Sigurliði Sigurðsson.	19
Árný Oddbjörg Oddsdóttir.	18
Lárus Sindri Lárusson.	17
Hermann Þór Karlsson.	16

Staða liðakeppninnar er þessi:

1. Hrosshagi/Sunnuhvoll.	60 stig.
2. Vesturkot.	56 stig.
3. Pálmatré.	55 stig.
4. Kílhraun	34 stig.
5. Landstólpi.	31 stig.
6. Lið Límtré Vírnets.	29 stig.
7. Brekka / Dalsholt.	21 stig.
8. JÁVERK.	13 stig.

Hestaáhugamannafélagið Glaumur

Fyrirhuguð er skemmti- og menningarferð þann 24 mars á skírdag.

**Mæting verður hjá Hestakránni kl 12:00 og brottför
með rútu kl: 12:15.**

Skoðuð verða nokkur áhugaverð hrossaræktarbú í Flóanum og Ölfusinu og einnig verður komið við á veitingastað. Endum daginn á ræktunarsýningu á Hellu sem byrjar kl: 20. Takið endilega daginn frá!

Nánari upplýsingar og skráning í síma hjá okkur.

Ástrún Davíðson 895-0066

Unnar Steinn 898-1589

Sigurbjörg Bára 777-2833



Ferðamálalöng með vorinu Orðsending til ferðapjónustuaðila og annarra.

Þetta bréf er sent til þín og annarra ferðapjónustuaðila sem gætu haft hagsmuni af og/eða áhuga á þingi sem væri ætlað öllum aðilum sem að þessu máli koma hér í Skeiða og Gnúpverjahreppi. Unnið hefur verið að atvinnumálastefnu á vegum Atvinnu og samgöngunefndar undanfarin misseri með ráðgjöfum frá SASS. Og er þessi hugmynd ein af afurðum þeirrar vinnu. En stefnt er að því að skila skýrslu sem verður höfð til grundvallar atvinnumálastefnu Skeiða og Gnúpverjahrepps nú í vor.

Ljóst er öllum að mikil og ónýtt tækifæri liggja í ferðapjónustu hér í sveit og erum við á sumum sviðum komin mun skemmra á veg heldur en sveitarfélögin hér í kringum okkur.

Þingið er hugsað sem samráðsvettvangur þar sem hagsmunaaðilar gætu komið með og þegið hugmyndir um hvar skóinn helst kreppir og uppúr því er svo vonandi hægt að vinna markvissar að framgangi greinarinnar fyrir alla hér.

Hugmyndir eru uppi um að búa til litla umræðuhópa. Þar yrðu tekin til umræðu mál eins veitingarekstur, gisting, afþreying, sérferðir eins og t.d. hesta og gönguferðir. o.sv.frv.

Fengnir yrðu utanaðkomandi sérfræðingar og fyrirlesarar í þessum máli sem gestir þingsins gætu svo líka leitað til og fengið ráðgjöf.

Ef þú hefur áhuga á að mæta á þing sem þetta núna í vor þá endilega látið okkur vita sem fyrst svo við getum farið á fulla ferð við að undirbúa þetta sem allra best. Eins væri vel mjög þegið að fá hugmyndir um hvað þú vildir sjá á þessu þingi varðandi dagskrá, sérfræðinga o.s.frv.

Hægt er að hafa sambandi við skrifstofu hreppsins **486 6100** eða gegnum tölvupóst

skeidgnup@skeidgnup.is

Með bestu kveðju

Atvinnu- og samgöngumálanefnd Skeiða og Gnúpverjahrepps.

Frá sóknarpresti



Ég vil byrja á því að þakka 10. bekkingum í Flúðaskóla fyrir frábæra „messu unga fólksins“ í Hrunakirkju.

Eftirminnileg stund og sýnir enn og aftur ríkidæmið sem við eigum í unga fólkinu okkar.

Sérstakar þakkir færi ég Báru Sævaldsdóttur umsjónarkennara fyrir undirbúningsvinnuna og kraftinn og gleðina sem fylgdu henni frá upphafi verkefnisins. Sömuleiðis eru þakkir fluttar Stefáni organista fyrir alla hjálpinu í tónlistarflutningnum. Á sameiginlegum fundi formanna sóknarnefnda í Hrunaprestakalli var ákveðið að leggja til við sóknarnefndirnar að prestakallið styrki kaup á nýju hljóðkerfi í Skálholtskirkju upp á kr. 150.000. Var þetta samþykkt í öllum sóknarnefndum. Með framlaginu viljum við í Hrunaprestakalli sína í verki stuðning við Skálholtskirkju sem athafna- og tónleika kirkju fyrir okkur uppsveitarfólk. Það er ómetanlegt fyrir okkur að hafa aðgang að þessum fallega helgidómi þegar um stærri athafnir er að ræða og eins þegar kemur að tónleikahaldi.

Framundan er hefðbundið helgihald um páska:

25. mars – föstudagurinn langi: Passíusálmalestur í Hrepphóla-kirkju frá kl. 13 til 17. Fjölskyldur fermingarbarna og fulltrúar eldri borgara verða meðal fjölmargra lesara í ár. Kaffiveitingar í safnaðarheimili á meðan á lestri stendur.

27. mars – páskadagur: Hátíðarmessa í Hrunakirkju kl. 8 og morgunkaffi í safnaðarheimilinu á eftir.

Hátíðarmessa í Ólafsvallakirkju kl. 11.

28. mars – annar í páskum:

Hátíðarmessa og ferming í Stóra-Núpskirkju kl. 11.

Að lokum minni ég á heimasíðu Hrunaprestakalls, **hruni.is**, þar sem finna má allar upplýsingar um kirkjustarfið og nú er prestakallið einnig komið á [Facebook!](#)

Sjáumst í kirkjunni!

Óskar Hafsteinn Óskarsson

25. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi miðviku daginn 2. mars 2016 kl. 14:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Gunnar Örn Marteinnsson, Halla Sigríður Bjarnadóttir og Anna Þórný Sigfúsdóttir er mætti í forföllum Meike Witt. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera.

Dagskrá:

Mál til umfjöllunar og afgreiðslu :

1. Reykholtslaug Þjósárdal. Áform um uppbyggingu. Framhald frá fundi 24.
Fyrir fundinum lá kynning Rauðakambs ehf á framkvæmdaáformum við Reykholtslaug í Þjósárdal. Auk þess voru lögð fram drög að viljayfirlýsingu milli sveitarfélagsins og Rauðakambs ehf um uppbyggingu Reykholtslaugar og svæðisins þar í kring. Samþykkt að fela sveitarstjóra og oddvita að vinna áfram að viðræðum við forsvarsmenn Rauðakambs um uppbyggingu við Þjósárdalslaug og svæðið umhverfis.
2. Gjáin, hugmyndir um friðlýsingu. Sveitarstjóri greindi frá því að umræður hefðu átt sér stað við Umhverfisstofnun um friðlýsingu Gjáinnar í Þjósárdal og spildu umhverfis hana. Farið var yfir verkferli við friðlýsingu. Samþykkt samhljóða að vísa friðlýsingarhugmyndum um Gjána og önnur svæði í sveitarfélaginu til endurskoðunar aðalskipulags 2017-2029.
3. Erindi frá Ungmennafélögum Skeiðamanna og Gnúpverja. Lagt var fram bréf frá stjórnun Ungmennafélaga Gnúpverja og Skeiðamanna. Þar er óskað eftir stuðningi sveitarfélagsins með því að kosta tryggingar iðkenda íþróttá vegum ungmennafélaganna. Sveitarstjóri greindi frá því að kostnaður við tryggingar 30 iðkenda nemi um 17 þkr. pr ár. Erindi samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að ganga frá málinu. Máli vísað til viðauka fjárhagsáætlunar, lykill 0685.
4. Úrskurður Umhverfis-og auðlindanefndar varðandi minkabú að Ásum. Lagður var fram úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis – og auðlindamála frá 18 febrúar 2016 vegna máls nr. 109 /2014, kæru um ákvörðun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá 16. september 2014 um að synja um deiliskipulag vegna minkabús úr landi jarðarinnar Ása. Í úrskurðinum felst að hafnað er kröfu kæranda um ógildingu áður nefndrar ákvörðunar Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Úrskurður undirritaður af Ómari Stefánssyni, Ásgeiri Magnússyni og Þorsteini Þorsteinssyni. Úrskurður lagður fram og kynntur. Sveitarstjórn lýsir óánægju sinni með hversu langur tími hefur liðið frá mótöku málsins þar til afgreiðsla þess lauk.

5. Svar Forstjóra Rarik við fyrirspurn sveitarstjórnar. Svarbréf Tryggva Þórs Haraldssonar dagsett 11. febrúar 2016 við bréfi sveitarstjóra frá 7. janúar 2016 í framhaldi af bókun sveitarstjórnar 6. janúar 2016 varðandi raforkumál í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þar er spurt hvort viðhaldi og endurnýjun í raforkumálum í sveitarfélaginu hafi verið sinnt sem vera ber. Í svarbréfi Tryggva er tekið ítarlega saman hvernig staðið hefur verið að endurnýjun og viðhaldi dreifi kerfisins í sveitarfélaginu og hvað framundan er í þeim efum. Bréf lagt fram og kynnt. Sveitarstjórn lýsir vonbrigðum með áætlun um viðhald og endurnýjun raforkukerfis og telur hana engan veginn ásættanlega.
6. Kaup á húseigninni Holtabraut 27. Lagt fram til umræðu hugmynd um kaup á húseigninni Holtabraut 27. Eigandi VBS eignasafn. Afgreiðslu frestað.
7. Kvenfélag Skeiða. Kaup á búnaði. Erindi frá stjórn Kvenfélags Skeiða þar sem óskar eftir að sveitarfélagið kaupi af félaginu borðbúnað og dúka sem notaðir hafa verið í félagsheimilinu í Brautarholti. Samþykkt að fela sveitarstjóra að kanna þörf fyrir kaup á búnaði af þessu tagi.
8. Framboð til stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga. Auglýsing frá Kjörnefnd Lánasjóðs sveitarfélaga um framboð til stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga undirritað af Óttari Guðjónssyni. Lagt fram og kynnt.
9. EBÍ. Brunabót. Styrkumsókn sveitarfélagsins. Lagt var fram bréf frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélags Íslands. Undirritað af Önnu Sigurðardóttur framkvæmdastjóra. Í bréfinu er óskað eftir umsóknum í styrktarsjóð félagsins. Umsóknir skuli vera til framfaraverkefna. Samþykkt að sækja um styrk til merkingar sögufrægra staða í sveitarfélaginu.
10. Endurskoðun Aðalskiplags. Verkáætlun-samningur. Lögð var fram verkáætlun og drög að samningi milli Steinsholts sf og Eflu við Skeiða- og Gnúpverjahrepp um vinnu við gerð aðalskiplags sveitarfélagsins 2017-2029. Sveitarstjórn samþykkir samningsdrögin og felur sveitarstjóra að undirrita þau fyrir hönd sveitarfélagsins. Jafnframt samþykkt að undirbúa vinnu við skráningu fornleifa í sveitarfélaginu.
11. Ungmennaráðstefna UMFÍ. Lagt var fram bréf frá Ungmennaráði Ungmennafélags Íslands þar sem ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði er kynnt, hún fer fram á Hótel Selfossi 16 18 mars nk. Óskað er eftir einstaklingum á aldrinum 16-25 ára til þátttöku í ráðstefnunni. Samþykkt að senda bréf til allra íbúa í sveitarfélaginu á aldrinum 16-25 ára þar sem þeir verði hvattir til að sækja um þátttöku í ráðstefnunni. Samþykkt að vísa málinu til Menningar- og æskulýðsnefndar.

12. Landbótafélag Gnúpverja. Landbótaáætlun. Lögð var fram Landbótaáætlun fyrir Gnúpverjafrétt árin 2016- 2025. Ábyrgðaraðili áætlunarinnar er Landbótafélag Gnúpverja. Hún er unnin af framleiðendum er nýta afréttinn. Markmið áætlunarinnar eru Landbætur, beitarstýring og friðun. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða landbótaáætlunina fyrir sitt leyti.
13. Lóðir og gatnagerðargjöld. Farið var yfir gildandi gjaldskrá gatnagerðargjalda í sveitarfélaginu. Sveitarstjóri lagði fram samanburð við slíkar gjaldskrár í öðrum sveitarfélögum í sýslunni. Samanburður sýnir að gatnagerðargjöld eru afar hagstæð í sveitarfélaginu. Sveitarstjóra falið að auglýsa lausar lóðir í sveitarfélaginu.

Fundargerðir

14. Fundargerð 104. fundar Skipulagsnefndar. Mál nr. 19 til kynningar.
Fundargerð lögð fram og kynnt.
15. Fundargerð 105. fundar Skipulagsnefndar. Mál nr 21, 22, og 23 þarfnast umfjöllunar. Mál nr. 25 til kynningar.

Mál nr. 21. Búrfellsvirkjun: Stöðvarhús í Sámsstaðaklifi: Deiliskipulagsbreyting – 1602043

Lögð fram umsókn Landsvirkjunar dags. 18. febrúar 2016 um breytingu á deiliskipulagi Búrfellsvirkjunar sem nýlega tók gildi. Eru breytingarnar tilkomnar þar sem hönnun hefur þróast frá verkhönnun og í útboðshönnun. Meðfylgjandi er lýsing dags. 18. febrúar 2016 þar sem farið er yfir breytingar og upplýsingar sem fram eiga að koma í umhverfisskýrslu.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu og felur skipulagsfulltrúa að leita umsagna Minjastofnunar, Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og leita leiðbeininga um málsmeðferð hjá Skipulagsstofnun. Að mati sveitarstjórnar er um að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi svæðisins og samþykkir hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir ofangreindum umsagnaraðilum. Fyrir liggur að skipulagsfulltrúi hefur leitað leiðbeininga um málsmeðferð til Skipulagsstofnunar og ef það kemur í ljós að stofnunin telji að ekki sé um óverulega breytingu á deiliskipulagi að ræða gerir sveitarstjórn ekki athugasemdir við um að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagsлага ásamt umhverfisskýrslu.

Mál nr. 22. Mál 22. Búrfellsvirkjun : Stækkun virkjunar Framkvæmdaleyfi – 1601024.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar.

16. Fundargerð 14. fundar Menningar – og æskulýðsnefndar.
Fundargerð lögð fram og kynnt.
17. Fundargerð 9 fundar Umhverfisnefndar.
Fundargerð lögð fram og kynnt.
18. Fundargerð 10 fundar Umhverfisnefndar. Fundargerð lögð fram og kynnt.
19. Fundargerð skólanefndar. Grunnskólamál 19 fundur.
Fundargerð lögð fram og kynnt.
20. Fundargerð skólanefndar. Leikskólamál 20 fundur.
Fundargerð lögð fram og kynnt.

Beiðnir um styrki/umsagnir

21. Einstök börn. Styrkbeiðni. Lagt fram erindi frá samtökunum „Einstökum börn“ þar sem óskað er eftir styrk til styrktarsjóðs samtakanna. Samþykkt samhljóða að leggja fram styrk að fjárhæð 25.000 kr.
22. Rekstrarleyfi- Hagi. Beiðni um umsögn um leyfi til gistingar. Samþykkt.
23. Umboðsmaður barna. Beiðni um umsögn. Lagt fram erindi undirritað af Margréti Sigurðardóttur umboðsmanni barna þar sem mótmælt er niðurskurði til skóla- og frístundamála hjá Reykjavíkurborg. Erindi lagt fram og kynnt.
24. Tilnefning í starfshóp um Kerlingafjöll. Fyrir var lagt erindi frá Umhverfisstofnun, þar er óskað eftir tilnefningu fullrúa sveitarfélagsins í starfshóp um friðlýsingu Kerlingafjalla. Skafti lagði fram tillögu um Sigþrúði Jónsdóttur og Gunnar Örn Marteinnsson lagði fram tillögu um Bjarna Másson. Tillaga um Sigþrúði Jónsdóttur samþykkt með þremur atkvæðum. Bjarni Másson fékk tvö atkvæði.
25. Önnur mál
Halla Sigríður kvaddi sér hljóðs og lýsti þeirri skoðun sinni að æskilegt væri að stofna ungmennaráð í sveitarfélaginu.
Samþykkt að vísa málinu til Menningar –æskulýðsnefndar.
 - A. Mál til kynningar: SASS. Kynning á nýju skipulagi.
 - B. Úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.
 - C. Umhverfisstofnun, endurgreiðslur refaveiða.
 - D. Staðgreiðsluuppgjör 2015.
 - E. Íslands ljóstengt- kynning.
 - F. Fundargerð 23. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.
 - G. Tillaga til þingsályktunar 14 mál. Frv. til laga embætti aldraðra
 - H. Ferðamálafulltrúi Uppsveita. Ársyfirlit.
 - I. Frumvarp v uppb. áningastaða Vegagerðar.

- J. Frumvarp v br á lögum svstj lögum mál 227-219.
- K. Frumvarp v br á lögum um félagsbj. Mál 732-458.
- L. Frumvar v bann við notkun á gúmmíkurli. Mál 390-328.
- M. Fundur um málefni hjólhýsasvæðis í Þjórsárdal.
- N. Afgreiðslur byggingafulltrúa 03.02.2016.
- O. 505 fundur stjórnar SASS.



Fundi slitið kl 16 :45.

Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 6. apríl næstkomandi kl 14:00.

Gleðilega páska

**Sumarstörf laus til umsóknar í
Neslaug og Skeiðalaug!
Starfsfólk vantar til starfa
sumarið 2016 við sundlaugar
sveitarfélagsins.**



**Um er að ræða hlutastörf um helgar
en einnig aðra daga!**

Upplýsingar veitir Eyþór í síma 897-1112



Norska Tøltrider eru gæðareidtygi á toppverði sem við höfum bæði notað sjálf og verið mjög vel tekið í búðinni hjá okkur í Svipjóð. Mest seldu hnakkarnir frá Tøltrider, Bikar, Glampi og virkislausu eru allir hjá okkur á Íslandi á góðu verði.



Meiri upplýsingar á www.tolt.nu/island
eða sími 892 8452 Sigfus

*Sigfus & Josefine
Vestra-Geldingaholt*



Frá og með miðvikudeginum 10. febrúar
breytist áætlun Landflutninga í Árnæssýslu:

Frá Reykjavík kl. 9:00 alla

virka daga- með viðkomu á Selfossi

Phone: +354 458 8821

Mobile: +354 858 8820

Email: sverrir.unnarsson@samskip.com

Landflutningar
SAMSKIP



www.landflutningar.is

Velferðarþjónusta Árnespings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181
www.arnesthing.is

Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árnespings er María Kristjánsdóttir
maria@hveragerdi.is

Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:

Sigurjón Árnason, félagsráðgjafi, sigurjon@laugaras.is sími 480-1180

Sigrún Símonardóttir, forstöðumaður heimaþjónustu sigrun@laugaras.is

Frá FÉLAGI ELDRIBORGARA í Skeiða-og Gnúpverjahreppi.

Á skemmtilegri "Samverustund" okkar eldriborgara í sveitinni á Bóka-safninu í Brautarholti föstudaginn 19. febr. lék Vilmundur formaður vinsæl lög á píanó meðan félagar tíndust í hús. Hann greindi síðan frá bréfum sem félaginu höfðu borist síðan síðast var komið saman.

Hóf svo dagskrána með lestri úr "Göngum og réttum" um ferð nokkurra Gnúpverja norður í land til fjárkaupa eftir niðurskurð fjárstofnsins vegna "fjárkláðans" sem barst til landsins með innfluttum hrútum er áttu að bæta íslenska stofninn. - Bjarni í Fjalli kom með frábæra samantekt um tilurð Skeiðaréttta að fornu og nýju.- Rosemarie flutti eitt af uppáhalds kvæðum sínum og braut síðan upp á þeirri nýng að stofna til hringborðsumræðna um spurningar varðandi öldrunarmál sem teknar voru fyrir á "Framtíðarþingi um farsæla öldrun" er haldið var á Selfossi, 15.nóv. 2015 og var með hringborðssniði. 77 manns sóttu þetta þing víðsvegar af Suðurlandi, meðtalið fagfólk er annaðist framkvæmd og fundarstjórn.

Frá þessu er sagt í mjög ýtarlegri og vandaðri skýrslu er unnin var af þeim sem stjórnðu og síðan send til allra eldriborgarafélaga á suðurlandi.

Við sem mættum þarna f.h. okkar félags vorum nokkuð sammála um að nefnd skýrsla væri dálítið löng og flókin og þörf væri á að einfalda framsetningu ályktana er fram komu á Selfossþinginu og gefa okkar félögum kost á að ræða málin. Tillögu Rosemarie var vel tekið og stjórnaði hún umræðunni og safnaði saman spurningunum er rætt skyldi um. Við skiptum okkur á tvö hringborð, konur við annað en karlar við hitt og tíma-mörk sett. Kristín Bjarnadóttir og undirritaður tókum að okkur ritara-störfín og skyldi vera góð samstaða á borðunum um svörin og reynt að forðast málalengingar. Spurningarnar voru eftirfarandi.

1. spurning: **Hvað er það besta við að eldast ?**

Konur: Að gera það sem mann langar til.

Karlar: Að hafa meiri tíma til að sinna eigin hugðarefnum.

2.spurning: **Hvaða væntingar hefur samfélagið til eldriborgara ?**

Konur: Að það hangi sem lengst heima og það geri litlar kröfur.

Karlar: Að við höfum góða heilsu og séum þæg og góð:

3.spurning: **Hvaða væntingar hafa eldriborgarar til samfélagsins ?**

Konur: Að maður fái hjálp þegar þarf á því að halda.

Karlar: Að samfélagið skapi eldra fólki viðunandi lífsviðurværi og umönnun þegar það getur ekki séð um sig lengur.

4.spurning: **Hvað er farsæl öldrun ?**

Konur: Góð andleg og líkamleg heilsa, geta séð um sig sjálfur og njóta líðandi stunda.

Karlar: Góð heilsa og félagslegt öryggi.

5.spurning: **Hvernig stuðlum við að farsælli öldrun.**

Konur: Borða holla fæðu,hreifa sig og blanda geði við fólk.

Karlar: Að lifa heilsusamlegu lífi og eiga gott bakland í fjölskyldu og vinum.

Eftirtektavert er hve svörin eru í reynd samstæð hjá körlum og konum, þrátt fyrir mismunandi orðalag. Við erum að velta sömu hlutum fyrir okkur og viljum gjarnan ráða sem lengst yfir eigin lífi og lífsháttum meðan tök eru á því. Þetta er líka kjarninn í samantektinni frá "öldrunarþinginu" á Selfossi frá fyrra ári, svona e.t.v. dálítið einfaldaður, enda mikill munur á að greina ályktanir frá 70 manna ráðstefnu eða frá 16 manna hópi úr einu félagi.

Að þessu loknu var sest að veisluborði, að hætti félagsins, áfram spjallað yfir kaffibollum og kræsingum. - Þó Villi settist aftur við píanóið var lítið sungið að þessu sinni.

Mér var falið að koma þessu í "Fréttabréfið" svo sveitungarnir fengju einu sinni svolitla hugmynd um hvað við eldri borgarar gerum á þessum "Samverum" okkar. - Við látum okkur varða um menn og málefni líðandi stundar.

Í febrúar 2016. - Erlingur Loftsson.

Umsóknarfrestur í Atvinnuuppbyggingarsjóð Skeiða– og Gnúpverjahrepps er til 1. apríl 2016. og 1. úthlutun er 1. maí 2016.

Umsóknum skal skilað á skrifstofu sveitarfélgsins.



Úthlutunarreglur má skoða í heild sinni á
[www.skeidgnup.is/Reglur og samþykktir](http://www.skeidgnup.is/Reglur_og_samþykktir)

Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúp-



Munum það — í verki !

802

Páskabingó Kvenfélags Gnúpverja

Laugardaginn 26. mars kl. 11

í Árnesi

500kr spjaldið

Ath. ekki er posi staðnum

Allir velkomnir

Mótadagar Uppsveitadeildar æskunnar eru:

Laugardagur 16. apríl

Laugardagur 7. maí

Kveðja, Æskulýðsnefnd Smára.



TAXI DRIVER

TAXI er á svæðinu sem þjónustar

Grímnlesið, Bláskógabyggð,

Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Með kv. TAXI DRIVER

Símar: 776 0810 & 783 1224



Fótaaðgerðastofan á Heimalandi, Flúðum

Minni á að ég hef opnað fótaaðgerðastofu á Heimalandi sem verður opin á miðvikudögum, einnig verður hægt að fá aðra tíma eftir samkomulagi. Allir eru hjartanlega velkomnir, vonandi getið þið notfært ykkur þessa þjónustu.



Tímamantanir í síma 863-0433.

Sólveig Jóhannsdóttir, löggildur fótaaðgerðarfræðingur.

Þjónusta vegna ljósleiðarans!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtengingum og línubókhalði Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans.



Hafið samband við þá. skj@internet.is - Sigvaldi K Jóns. og nonniasum@gmail.com -Jón Hákonarson



www.Híalín.is

Klassísk snið með
silkiprentuðum munstrum
sem hafa beina skírskotun
í íslenska náttúru.



Húfur, peysur, bolir og leggings.

Kíktu í heimsókn og verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja
Vilborg í Skarði
863 9689 og
vilmarius13@gmail.com



Reiðskóli fyrir börn í Reiðhöllinni á Flúðum!

Vinsæli reiðskólinn sem haldinn var í fyrra verður endurtekinn í ár!
Boðið verður upp á reiðkennslu í reiðskólastíl í Reiðhöllinni á Flúðum í mars, apríl og maí 2016.

Þorsteinn Gunnar Þorsteinsson í Syðra-Langholti, hestafræðingur og leiðbeinandi, verður kennari.

Innifalið:

5 kennslustundir (45 mínútur í senn), 1 skipti útreiðtúr og jafnframt þátttaka í Fírmakeppni Smára fyrir áhugasama.

Þorsteinn útvegar hesta, reiðtygi og hjálma. Í reiðskólanum eru notaðir þægir hestar sem henta vel byrjendum.

Dagsetningar:

28. mars Reiðkennsla í Reiðhöllinni

4. apríl Reiðkennsla í Reiðhöllinni

18. apríl Reiðkennsla í Reiðhöllinni

25. apríl Reiðkennsla í Reiðhöllinni

1. maí Þátttaka í Fírmakeppni Smára fyrir þá sem vilja.

2. maí Reiðkennsla í Reiðhöllinni

9. maí Útreiðatúr frá Syðra-Langholti

Tímasetningar:

Fyrsti hópur 17:00 – 17:45

Annar hópur 18:00 – 18:45



Verð: 20.000,- kr á barn

Hægt er að koma með sinn eigin hest og kostar þá námskeiðið 15.000,-

Skráning með nafn og kennitölu gegnum smarakrakkar@gmail.com.

Vinsamlegast takið fram óskir um tímasetningu. Skráningarfrestur er til 21.mars.

Þeir sem fyrstir eru að skrá ganga fyrir ef þátttaka er mikil.

Vinsamlegast athugið að allir viðburðir á vegum Hestamannafélagsins Smára eru á ábyrgð þátttakenda.

Bestu kveðjur,

Æskulýðsnefnd Smára.



YOGA Í ÁRNESI

á mánudagskvöldum kl. 20:00

ALLTAF HÆGT AÐ BYRJA OG VERA MEÐ.

Upplýsingar í síma 861-7013 - Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á

vgholt@internet.is

Kær kveðja. Rosemarie. - Kvenf. Gnúp.

Vantar þig hóp af öflugum unglingum í átaksvinnu?

Nú í vor ætla unglingadeildin Vindur sem í eru krakkar úr Hrunamanna-, Skeiða- og Gnúpverjahreppi að leggja land undir fót og fara að heimsækja björgunarsveitarkrakka í Noregi. Því eru þau núna í fjáröflunum til að standa straum af kostnaði við ferðina. Eitt af því sem þau ætla að gera til fjáröflunar er að taka að sér vinnu.

Ef þú ert með verkefni/vinnu sem hópur af öflugum unglingum gæti unnið fyrir þig þá er um að gera að hafa samband við okkur.

Allar nánari upplýsingar eru hjá Halldóru í síma 892-1276 eða í tölvupósti á netfangið

fossari@simnet.is



VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting —


Vaxmeðferðir - Litun og plökkun.



Tímapantanir í
síma: 856-1599

Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.

Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.



Á bak við eldavélina!

Það er Eyþór Brynjólfsson í Hamragerði 2 sem deilir með okkur uppskriftum sínum. Gefum honum orðið:

Ég þakka Víkingi frá Grænuhlíð fyrir áskorunina.

Að elda góðan mat í eldhúsinu er ekki mín sterka hlið og að búa til sósur kann ég alls ekki, hef reyndar ekki þurft að leggja mig fram við það þar sem að ég er giftur frábærum kokki.

Ég kann að sjóða kartöflur og eitthvað pínulítið meira, en að taka þátt í eldamennsku á mínu heimili finnst mér ákaflega gaman.

Á sumrin er ég grillmeisterinn á mínu heimili og við grillið er ég laginn við að töfra fram góðan mat, og er ég þá jafnvígur á lambið, svinið, kjúklinginn og laxinn. Hamborgarar eru í miklu uppáhaldi hjá mér og fyrir þá sem ekki vita þá vann ég á hamborgarastað í fimm ár, og reiknast mér til að fjöldi hamborgara sem ég grillaði þar sé yfir 10.000 stk. ásamt fleiru sem var á matseðlinum.

Þegar ég kaupi hamborgara fyrir heimilið skoða ég hver er framleiðandinn og hvert upprunalandið er (sem á að vera Ísland) að borgarinn sé 100% nautakjöt og fituinnihald sé ekki meira en 20%. Ég kaupi oftast 120 gr. borgara, finnst þeir passleg stærð. Að elda borgara er kannski ekki mikið mál halda sumir, en hverjir hafa ekki séð hamborgara steiktan á pönnu og hann lítur eins og hjólkoppur á hvolfi umvafinn vatnsfroðusulli sem frussast yfir eldavélina?

Já, það er ekki sama hvernig hlutirnir eru gerðir.

En ef hamborgarar eru steiktir á pönnu er gott að bora gat á þá með putt anum, þá blóðgast þeir betur og verða til friðs á pönnunni. Ég kaupi oftast frosna borgara en ófrosna ef ekki er annað til og set þá í frysti þegar heim er komið.

En núna matreiðum við hamborgarann. Ef hann er frosinn þá er best að láta hann þiðna rólega í kæli, best er að steikja eða grilla beint úr kæli.

Kolagrillaður borgari er bestur en þá þarf að gefa sér góðan tíma. Grillborgarinn er líka góður og hér er ein aðferð við gjörninginn:

Ostborgari.

Hafa grillið hreint, gott að skera lauk í tvennt og nudda sárinu á grindina til að hreinsa hana.

Hita grillið hæfilega, ekki kynda í botn.

Grilla borgarann í þrjár mínútur á annarri hliðinni. Snúa borgaranum við og grilla í eina mínútu, setja ostinn á.

Grilla í eina mínútu í viðbót og borgarinn er tilbúinn!



Ég hita alltaf brauðin á grillinu.
Á botnbrauðið set ég súrar gúrkur ásamt
grænmetisósósu og salatblaði.
Í toppbrauðið set ég tómatsósu.

Hamborgarar hafa lengi verið talinn skyndi-
matur og óhollur matur. En borgari í grófu
brauði með grænmeti á disknum og sætum
kartöflum hituðum í ofni er að mínu mati
hollur matur.

Skyndimatur? Já vissulega, þegar ég er í
tímaþröng snara ég hamborgara á pönnuna eða grillið. Einnig skemmtilegur matur
t.d. í afmælisveislum. Finnst góður hamborgari meiri matur en pylsa með öllu.

Ég skora á Önnu Maríu Flygenring húsfreyju og bónda í Hlíð að vera næsti
matgæðingur Fréttabréfsins.

Takk fyrir mig.

Eyþór Brynjólfsson.



Sumarstarfsfólk óskast í Árnes !

Gestamóttaka Þjórsárstofu: tungumálakunnátta og staðgóð þekking á
umhverfi og náttúru mikilvæg.

Veitingastofa og tjaldsvæði: Sveigjanleiki, dugnaður og lipurð mikil-
vægir kostir. Vinnutími samkvæmt samkomulagi.

Umsóknir sendist til Rósu á netfangið rosa@arnesferdamenn.is



Menn og málefni!



Vorið 2014 útskrifaðist Sigfús Harðarson sem kerfisfræðingur frá Há-
skólanum í Reykjavík og í lok árs 2015 lauk hann B.Sc.
gráðu í tölvunarfræði frá sama skóla.

Í febrúar s.l. útskrifaðist Lilja Sigurbjörg Harðardóttir með
meistaragráðu í opinberri stjórnsýslu (MPA) frá
Háskóla Íslands en hún lauk BA gráðu í
stjórnmálafræði við sama skóla árið 2012.

Þessi systkin eru frá Laxárdal 2 og óskum við þeim hjartan-
lega til hamingju með áfangana.



Afréttakortið, af afréttum Gnúpverja, Flóa, Skeiða og Hrunamanna. Eykur öryggi og er ódýrt, aðeins **kr. 500,-**
Gott á fjöllin fyrir útvistarfólkið og í jólapakkann... ☺

Daglegar vöruferðir í uppsveitir
Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 – 3, 105 Reykjavík

Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is

Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Giant D254SW

(oft nefndur litli risinn)

Smár en knár 25 hestafla

liðléttingur

Getur lyft eigin þyngd.

Til afgreiðslu strax.



Tilboð á spónum Kr. 1.845,-

*músk 20 kg. balli ef tekið er eitt bretti
(15 ballar á bretti)*



Heyrúlluskeri plast- og netskrælari



Cashels heyrúlluskerinn sker rúlluna um leið og hann gripur plastið og netið utanaf rúllunni.

Skerinn er mjög sterkbyggður en þannig hannaður að hann er léttari en aðrir sambærilegir skerar.

Skerinn er með öflugra tjakka sem eiga auðvelt með að skera í gegnum frostnar rúllur.

Sterkur - Öflugur - Léttur



Framúrskarandi
fyrirtæki



Gunnbjarnarhóli,
801 Selfoss
Sími 480 5500



Neslaug opin:

Laugadaga kl. 12—18

Skeiðalaug opin:

Fimmtudaga: kl. 18 — 22

Mánudaga kl. 18 — 22

Verðskrá:

Fullorðnir: 14 – 69 ára600 kr.
Adults 14 – 69 years old

10 miða afsláttarkort3.000 kr.
10 tickets discount card

20 miða afsláttarkort.....6.000 kr.
20 tickets discount card

Börn: 6 – 13 ára300 kr.
Children 6 – 13 years old

10 miða afsláttarkort 1.500 kr.
10 tickets discount card

Sundföt – leiga 500 kr.
Swimwear

Handklæði – leiga500 kr.
Towel



Vörur tengdar sundi
seldar í afgreiðslum
lauganna.

**Hætt er að selja ofan í
hálf tíma fyrir lokun.**

Aðeins er 10 mínútna
akstur á milli
lauganna.

Frítt í sund fyrir 18
ára og yngri sem eiga
lögheimili í sveitar-
félaginu.

Frítt fyrir 70 ára og eldri.
Frítt fyrir öryrkja gegn
framvísun skírteinis.

Nýtt!



**Neslaug og
Skeiðalaug eru á**



Fylgist með
þar ☺

Eyþór Brynjólfsson.
Umsjónarmaður sundlauga.